
REGLUGERÐ KLÍ UM FÉLAGAKEPPNI

1. grein

Félagakeppni skal halda árlega, og leiknar skulu a.m.k. 3 umferðir.

2. grein

Rétt til þátttöku í félagakeppninni hafa öll félög innan KLÍ og skulu þau skrá lið sín innan tilskilins þátttökufrests.

3. grein

Bæði karlar og konur geta myndað lið sem samanstendur af minnst 4 keppendum, konur fá þó 8 pinna í forgjöf á hvern leik.

4. grein

Hver viðureign fer fram á fjórum brautum þannig að 2 keppendur frá hvoru félagi eru á hvoru brautarparinu. Keppendur frá sama félagi skulu hefja leik á sömu braut.

Stigagjöf:

Í hverri viðureign er leikinn einn leikur (þ.e. 4 leikmenn x 1 leikur) og teljast stig þannig fyrir viðureignina: Hver leikmaður getur unnið sér inn 1 stig í hverjum leik (samts 4 stig), hvor tvímenningur getur unnið sér inn 2 stig (samts 4 stig) og liðið í heild getur unnið sér inn 1 stig, þetta gerir heildar stigafjölda 9. Verði jafntefli skal skipta stigum.

5. grein

Ekki er hægt að fresta viðureign og ekki er hægt að fá fjarveruskor, einungis er hægt að fá varaskor ef leikmaður meiðist og þarf að yfirgefa leik – varaskor skal vera 150 stig miðað við heilan leik.

6. grein

Að öðru leyti gilda almennar keppnisreglur KLÍ.

7. grein

Mótanefnd KLÍ annast undirbúning og framkvæmd keppinnar.
